



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

6. október 2011

### Stjórnvaldssekt vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti

Þann 14. september 2011 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Eglu hf. vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti (hér eftir vvl.).

Málavextir eru í stuttu máli þeir að Fjármálaeftirlitið taldi að Eglu hf. (hér eftir Eglu eða félagið) hefði með tvennum hætti brugðist upplýsingaskyldu sinni samkvæmt lögum og reglum um verðbréfavíðskipti. Í fyrsta lagi birti félagið ekki upplýsingar um þá ákvörðun þess að hefja umleitun um nauðasamning í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl., þegar stuðningur 25% lánardrottna að kröfufjárhæð og höfðatölu við frumvarp nauðasamnings þess lá fyrir á fundi með lánardrottnum félagsins þann 1. apríl 2009. Eglu birti fyrst opinberlega upplýsingar um ákvörðun félagsins um að hefja umleitun um nauðasamning þann 2. apríl 2009 eftir að upplýsingar þess efnis höfðu birst í fjölmiðlum. Í öðru lagi birti félagið of seint þær innherjaupplýsingar sem voru í frumvarpi að nauðasamningnum sem lánardrottinn félagsins fengu í hendurnar á fundinum þann 1. apríl 2009. Í frumvarpinu kom fram að gert væri ráð fyrir að 15% krafna yrðu greiddar og aðrar fjárhagsupplýsingar. Félagið birti þær upplýsingar fyrst opinberlega 2. apríl 2009 eftir að Kauphöll Íslands (Nasdaq OMX Iceland) hafði sett sig í samband við það.

Í svörum Eglu til Fjármálaeftirlitsins kom m.a. fram að félagið tók ákvörðun um að hefja viðræður við lánardrottna þann 27. mars 2009. Í kjölfarið var boðað til fundar með þeim þann 1. apríl 2009. Í fundarboðinu komu m.a. fram fyrirætlanir forsvarsmanna félagsins um að óska eftir heimild til formlegra nauðasamningsumleitana. Af svörum félagsins til Fjármálaeftirlitsins mátti ráða, að þar sem ákvörðun stjórnar Eglu um að leita nauðasamnings við lánardrottna félagsins var skilyrt og bundin undirtektum þeirra lánardrottna sem á fundinn mættu, hefði félagið talið að upplýsingaskyldan vegna nauðasamningsumleitana hafi fyrst stofnast þegar skilyrðið um að 25% lánardrottna skuldara hafi mælt með nauðasamningi á grundvelli framlagðs frumvarps, bæði hvað varðar höfðatölu og kröfufjárhæð, hafi legið fyrir. Sá stuðningur fékkst á umræddum fundi þann 1. apríl 2009.

Fjármálaeftirlitið taldi að ákvörðun um að leita eftir heimild til nauðasamninga félli undir 120. gr. vvl., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005. Slík ákvörðun gefur sterkar vísbendingar um fjárhagsstöðu og greiðsluhæfi útgefanda þar sem markmið slíkra samninga snýst almennt um eftirgjöf, greiðslufrest eða annars konar uppgjör á kröfum lánardrottna á hendur skuldara. Fjármálaeftirlitið féllst á að upplýsingaskyldan skv. 1. mgr. 122. gr. vvl. hafi fyrst orðið virk eftir að lögbundinn stuðningur lá fyrir þann 1. apríl 2009. Þar af leiðandi taldi Fjármálaeftirlitið að Eglu hefði borið að birta upplýsingar vegna ákvörðunar um nauðasamningsumleitun þess þann 1. apríl 2009 í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl., er stuðningur 25% kröfuhafa að höfðatölu og kröfufjárhæð lá fyrir. Félagið birti hins vegar upplýsingar þess efnis sem fyrr segir ekki fyrr en 2. apríl 2009 í kjölfar þess að frétt þessa efnis hafði birst í fjölmiðlum.

Í svörum Eglu varðandi innherjaupplýsingar í frumvarpi að nauðasamningnum var m.a. tekið fram að fjárfestum hefði mátt vera ljóst að þar sem félagið hefði leitað heimildar til nauðasamningsumleitana og að frumvarpið gerði ráð fyrir því að 15% krafna yrðu greiddar á komandi mánuðum, væri skuldabréfaflokkur félagsins ekki virði nema 15% af útreiknuðu virði hans, í besta falli. Þar segir enn fremur að upplýsingar sem afhentar voru lánardrottnum um fjárhagsstöðu félagsins sem birtar voru með beiðni þess um heimild til nauðasamninga, þ.e. frumvarpið, hefðu einungis verið til skýringa og ekki haft áhrif á markaðsverð bréfanna.

Fjármálaeftirlitið taldi, í ljósi þess að stuðningur við beiðni félagsins um heimild til nauðasamningsumleitana og þar með efni beiðninnar hlaust á fundinum þann 1. apríl 2009, að upplýsingar sem lánardrottnar félagsins fengu í hendurnar á fundinum um að einungis 15% krafna yrðu greiddar ásamt þeim fjárhagsupplýsingum sem fram komu í beiðni félagsins um heimild til nauðasamninga, féllu undir 120. gr. vvl., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005. Fjármálaeftirlitið tók fram að útgefandi fullnægði ekki upplýsingaskyldu sinni með því að upplýsa eingöngu lánardrottna um framangreindar upplýsingar. Með því að veita upplýsingar til svo afmarkaðs hóps fjárfesta væri verið að brjóta gegn jafnræði aðila á markaði um aðgang að upplýsingum. Fjármálaeftirlitið taldi því að félaginu hefði borið að birta framangreindar upplýsingar í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl. um leið og lánardrottnunum var veittur aðgangur að upplýsingunum á fundi félagsins þann 1. apríl 2009. Félagið birti hins vegar upplýsingarnar ekki fyrr en 2. apríl 2009 eftir að Kauphöll Íslands hafði sett sig í samband við félagið.

Það var mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að háttsemi Eglu hefði brotið gegn 1. mgr. 122. gr. vvl. Í samræmi við 36. tl. 1. mgr. 141. gr. vvl. ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að leggja á félagið stjórnvaldssekt að fjárhæð 5 milljónir króna. Við ákvörðun fjárhæðar var tekið mið af því að brot Eglu, um að birta ekki ákvörðun þess um umleitun um nauðasamninga ásamt upplýsingum sem fram komu á fundi með lánardrottnum í frumvarpi að nauðasamningnum, stóð ekki lengi yfir. Þá var litið til samstarfsvilja Eglu sem og sambærilegra mála.